

Sparisjóður Vestfirðinga

Tilkynning um afkomu 30. júní 2005

Lykiltölur

í millj. kr.	2005 1.1-30.6	2004 1.1-30.6	Breyting
Rekstrarreikningur:			
Vaxtatekjur	383.390	350.006	9,5%
Vaxtagjöld	224.272	206.623	8,5%
Hreinar vaxtatekjur	159.118	143.383	11,0%
Aðrar rekstrartekjur	212.310	225.241	(5,7%)
Hreinar rekstrartekjur	371.428	368.623	0,8%
Önnur rekstrargjöld	180.770	163.119	10,8%
Framlag í afskriftareikning útlána	89.245	190.044	(53,0)
Hagnaður (tap) fyrir skatta og framlag frá Tryggingasjóði	101.413	(15.460)	
Tekjuskattur	(16.339)	2.456	
Hagnaður (tap) fyrir framlag frá Tryggingasjóði	85.074	(13.004)	
Framlag frá Tryggingasjóði sparisjóða	0	36.900	
Hagnaður tímabilsins	85.074	49.904	
	2005 30.6	2004 31.12	
Eignir:			
Sjóður og bankainnstæður	749.575	475.995	57,5%
Útlán	5.874.020	5.762.663	1,9%
Markaðsverðbréf og eignarh. í fél.	898.790	767.138	17,2%
Aðrar eignir	280.322	293.675	(4,5%)
Eignir samtals	7.802.707	7.299.472	6,9%
Skuldir og eigið fé:			
Skuldir við lánastofnanir	0	2.431	(100,0)
Innlán	4.444.929	4.288.468	3,6%
Lántaka	2.162.051	1.933.267	11,8%
Aðrar skuldir	50.164	59.683	(15,9)
Reiknaðar skuldbindingar	28.062	27.272	2,9%
Víkjandi lán	247.737	251.041	(1,3%)
Eigið fé	869.764	737.310	18,0%
Skuldir og eigið fé samtals	7.802.707	7.299.472	6,9%

Eiginfjárlutfall skv. CAD	13,0%	11,8%
Arðsemi eiginfjár	24,1%	7,0%
Vaxtamunur	4,3%	4,4%
Afskriftir sem hlutfall af útlánum	3,6%	4,1%
Kostnaðarhlutfall	4,7%	4,7%
Innlánsaukning	3,6%	8,8%
Útlánsaukning	1,9%	2,3%
Meðalstöðugildi	35	35

Rekstur

Hagnaður Sparisjóðs Vestfirðinga fyrstu sex mánuði ársins 2005 nam 85,1 millj. kr., samanborið við 49,9 millj. kr. hagnað á sama tímabili árið 2004.

Samkvæmt árshlutauppgjöri námu vaxtatekjur alls 383,4 millj. kr. Vaxtagjöld námu alls 224,3 millj. kr. Hreinar vaxtatekjur Sparisjóðsins námu því 159,1 millj. kr. en þær voru 143,4 millj. kr. fyrir sama tímabil á síðasta ári. Aðrar rekstrartekjur námu 212,3 millj. kr. og lækka um 12,9 millj. kr. frá því árið áður. Hreinar rekstrartekjur námu 371,4 millj. kr., en þær námu 368,6 millj. kr. á sama tímabili árið áður.

Rekstrargjöld sparisjóðsins námu 180,8 millj. kr. á tímabilinu en námu 163,1 millj. kr. á sama tíma árið 2004.

Framlag í afskriftareikning útlána nam 89,2 millj. kr., en var 190,0 m.kr. á sama tímabili árið 2004 og lækkar því um 100,8 millj. kr. á milli tímabila.

Efnahagur

Útlán sparisjóðsins námu 5.874,0 millj. kr. og aukast um 111,4 millj. kr. frá áramótum eða um 1,9%. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum námu 898,8 millj. kr. og hækka um 131,7 millj. kr. Allar eignir sparisjóðsins í skráðum verðbréfum er færðar á markaðsgengi.

Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs Vestfirðinga 30. júní 2005 nam 869,8 millj. kr. og víkjandi lán námu 247,7 millj. kr. eða samtals 1.117,5 millj. kr. Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD-reglum er 13,0% en það var 11,8% um síðustu áramót.

Annað

Sjóðurinn skilar 85,1 millj. kr. hagnaði á tímabilinu en umtalsverð hækkun er á markaðsverðbréfum sjóðsins auk þess sem sjóðurinn seldi hlut sinn í Alþjóða líftryggingafélaginu og innleysti með því söluhagnað upp á 34,4 millj. kr. Reiknað er með að hagnaður af rekstri sjóðsins verði minni á seinni hluta ársins en hann var á fyrri árshelmingi.

Eiginfjárstaða sjóðsins hefur styrkst á tímabilinu, en eigið fé og víkjandi lán sjóðsins eru nú 1.117,5 millj. kr. Á tímabilinu var stofnfé sjóðsins aukið um 55,8 millj. kr.

Sparisjóður Vestfirðinga

Nánari upplýsingar veitir
Angantýr V. Jónasson, sparisjóðsstjóri
sími 450 8100.